

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í hátíðarsal háskólans föstudaginn 3. desember 2010 og hófst kl. 14:00. Trausti Þorsteinsson fundarstjóri setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

## 1. Staða og starfsemi háskólans

Rektor hóf mál sitt á því að gefa stutt yfirlit yfir þau atriði í starfsemi háskólans sem afgreidd voru á árinu 2009. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Fjölmargar reglur og stefnumál voru samþykkt árið 2009, m.a.:
  - reglur fyrir Háskólann á Akureyri
  - reglur um námsmat
  - reglur um háskólafund
  - reglur um viðurlög við ritstuldi
  - reglur um Rannsóknasjóð Háskólans á Akureyri
  - áætlun um jafna stöðu kynjanna
  - nýtt stjórnskipulag fyrir hvert og eitt fræðasvið háskólans
- Nemendur voru haustið 2009 um 1530 talsins, þar af um þriðjungur í fjarnámi og um 400 nemendur í framhaldsnámi. Konur eru í meirihluta við nám í háskólanum. Takmark háskólans er að útskrifa sem flesta af þeim sem innritast og með það í huga að minnka það brottfall sem er til staðar. Slíkt má þó ekki eiga sér stað á kostnað gæða námsins.

Vék rektor þessu næst að helstu atriðum í starfsemi háskólans á liðnu ári.

- Unnið hefur verið að innleiðingu æðri viðmiða og hafa námsmarkmið allra námsleiða verið skilgreind. Það hefur verið gert með því að skilgreina þá hæfni og getu sem nemendur eiga að búa yfir við lok hvers námskeiðs eða námshluta. Þessi skilgreindu atriði eru svo borin saman við námsmatið. Það leiðir til þess að kennsla og námsmatsaðferðir verða fjölbreyttari og betra námsumhverfi fæst.
- Notkun á rafræna kennslukerfinu Blakk var hætt og skipt alfarið yfir í kennslukerfið Moodle haustið 2010.
- Öll fræðasvið háskólans buðu upp á fjarnám í ákveðnum greinum. Fjarnámsstaðir voru fjölmargir um land allt og dreifing veruleg á þessu námsframboði.
- Aukning varð á emission upptökum, fjarfundum fækkaði lítillega og notkun á WebEx samskiptakerfinu var lögð af.
- Ekkert nýtt námsframboð hófst í fjarnámi á árinu 2009 að frátalinni kennslu á öðru ári í iðjupjálfun, en fjarnám í iðjupjálfun hófst árið 2008.
- Áfangaskýrsla um sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri kom fram í maí 2009 og lokaskýrsla kom út vorið 2010. Þar var meðal annars lagt til að hætt

verði að gera greinarmun á staðar- og fjarnámi og að í boði verði aukinn sveigjanleiki til náms án þess að rýra gæðin. Tvö tilraunanámskeið í þessum anda voru sett í gang veturinn 2010/2011.

- Stöðug aukning hefur verið á meistaranámi og var það í boði á öllum fræðasviðum. Meðal þess var meistaranám í heilbrigðisvísindum, tvenns konar meistaranám í lagadeild en einnig meistaranám í menntunarfræðum, félagsvísindum, auðlindafræðum og viðskiptafræði.
- Háskólinn á aðild að alþjóðlegu meistaranámi RES Orkuskóla. Sá skóli hefur átt í sívaxandi fjárhagsvandræðum og nú er alls óvíst með hans framtíð.
- Markmiðið hefur verið að auka rannsóknarvirkni og fjölga birtingum ritryndra fræðagreina bæði í innlendum sem erlendum fræðiritum. Markmiðið var að auka birtingum ISI greina og hefur tekist vel að uppfylla þau. Þessi árangur ber vitni um metnaðarfullt rannsóknastarf við háskólann.
- Samkeppni um styrki hefur verið töluverð en rannsakendur við háskólann hafa sótt um og fengið úthlutað veglegum styrkjum, t.d. öndvegissstyrk Rannís 2009. Mikilvægt er að sækja í rannsóknasjóði, jafnt innanlands sem erlendis, og í leiðinni skapa alþjóðleg tengsl og fá erlendan gjaldeyri inn í landið.
- Áhugi erlendra nemenda hefur farið vaxandi og fjölmargir Erasmus skiptinemasamningar hafa verið gerðir. Það sem hamlar helst því að fleiri sækji í háskólann er skortur á framboði á námskeiðum á ensku. Íslenskum skiptinimum hefur aftur á móti fækkað.
- Árlegur alþjóðadagur heppnaðist vel í ár og er dæmi um vaxandi hefð við háskólann.
- Gæðaráð vann að fjölmörgum framfaramálum, meðal annars fór fram mikil umræða um kennslumat, framkvæmd þess og úrvinnslu. Þátttaka nemenda fer heldur minnkandi og hefur ýmislegt verið skoðað til að auka áhuga þeirra á þátttöku. Eftirfylgni kennslumats fer aðallega fram í starfsmannasamtölum milli kennara og yfirmanna.
- Samkvæmt þriggja ára áætlun menntamálaráðuneytis um innri viðmið voru á árinu gerðar þrjár úttektir. Sjálfsmatsskýrslur voru útbúnar og þeim skilað í ársbyrjun 2010.
- Við brautskráningu 2009 var í fyrsta sinn veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi kennslu og hlaut Sigurður Bjarklind þá viðurkenningu. Árið 2010 var sambærileg viðurkenning veitt starfsmanni vegna gæðaumbóta og hlaut Astrid M. Magnúsdóttir þá viðurkenningu.
- Nýbygging 4. áfanga við Háskólann á Akureyri var vígð við hátíðlega athöfn þann 28. ágúst 2010 og er þar með öll staðarkennsla komin á einn stað.
- Teikningar af 5. áfanga hafa verið samþykktar og byggingaleyfi gefið en framkvæmdir við þann áfanga hefjast þegar fjármagn í það fæst.
- Rekstraráætlun 2011 er á síðustu metrunum og byggir á forsendum um samþykkt námsframboð á árinu, áætlun um nemendafjölda á árinu 2011 og umfangi stoðþjónustu. Áætlunin er byggð á óbreyttum launatöxtum og hóflegum rekstri, takmörkunum á ferðalögum og aðhald í öllum útgjöldum.

Háskólinn á Akureyri hefur staðið frammi fyrir miklum fjárhagslegum vandamálum undanfarin ár. Uppsafnaður rekstrarhalli var orðinn mikill en með samstilltu átaki tókst að stýra honum upp úr þeim farvegi og stefnir í að hann hverfi nú alveg.

Samningur sem undirritaður var við menntamálaráðuneytið árið 2007 gaf góð fyrirheit um bjartari tíma en sökum efnahagshrunsins er mikill munur á stöðunni í dag og þeirri sýn sem var árið 2007. Þrátt fyrir það er enga uppgjöf að finna hjá starfsmönnum sem stefna ótrauðir að því að byggja upp framtíðina hjá Háskólanum á Akureyri. Starfsemin byggir á traustum grunni og það er að takast að halda rekstri innan fjárheimilda á árinu 2010 og að mestu án þess að rýra að marki gæði kennslu og rannsókna og án þess að segja upp fólki. Þetta hefur tekist með samstilltu átaki, meðal annars þar sem stór hluti starfsfólks háskólans hefur tekið á sig skerðingu heildarlauna og réttinda af ýmsu tagi. En slíkt er ekki hægt að endurtaka.

Í ágúst birti menntamálaráðuneytið stefnu opinberra háskóla sem felur í sér að koma upp öflugum samstarfsneti opinberra háskóla sem verði orðið starfandi í árslok 2012. Þar segir að hagræða eigi í rekstri háskólanna til að fjármunir nýtist sem best og halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðsvegar um landið. Sjö manna verkefnisstjórn var skipuð til að vinna að stefnunni, þar af tveir frá Háskólanum á Akureyri. Háskólinn á Akureyri hefur tekið virkan þátt í samstarfinu fram að þessu og telur að með því geti hann haft sem mest áhrif á framkvæmd stefnunnar, svo hún verði starfsemi háskólans til sem mestra hagsbóta.

Rektor notaði að lokum tækifærið og þakkaði starfsfólki háskólans fyrir mjög gott samstarf og jafnframt þakkaði hann fjölmörgum samstarfsaðilum og velunnurum háskólans fyrir þeirra stuðning.

## **2. Rekstur háskólans**

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri Háskólans á Akureyri gerði grein fyrir rekstri háskólans árið 2009. Í rekstrarreikningi ársins 2009 kom fram að sértekjur háskólans lækkuðu úr 325,6 mkr. árið 2008 í 312,9 mkr. árið 2009. Á sama tíma jukust rekstrargjöld úr 1.633 mkr. í 1.685 mkr. Tekjuafgangur ársins voru 22,5 mkr. á móti 234,4 mkr. tekjuafgangi árið 2008. Í efnahagsreikningi fyrir árið 2009 kom fram að eigið fé háskólans var neikvætt um rúmar 79 mkr. og að skuld háskólans við ríkissjóð voru 224,9 mkr. Eignir skólans námu 171,5 mkr.

Varðandi rekstur 2011 þá er vinnu við rekstraráætlun að ljúka og verður henni skilað til ráðuneytisins sem fyrst. Á árinu 2012 má reikna með að ef áframhaldandi niðurskurður heldur áfram þýði það fækkun nýrra nemenda. Það þarf að koma í veg fyrir það með öllum tiltækum ráðum og leggja á það áherslu að námsframboð dragi til sín nemendur.

Að lokinni framsögu framkvæmdastjóra bauð fundarstjóri upp á fyrirspurnir frá fundarmönnum.

Steingrímur Jónsson spurði um hvenær mætti sjá tillögur menntamálaráðherra um breytingar á háskólastarfseminni koma til framkvæmda?

Rektor svaraði því til að ráðherra geri stjórnendum háskólanna að vinna innan þess ramma sem stefnan um opinbera háskóla setji þeim. Skipuð verkefnisstjórn sé að vinna að samþættingu milli háskólanna, meðal annars hvað varðar upplýsingakerfi, matskerfi, gæðastarf o.þ.h. og má vænta árangurs úr því starfi fljótt upp úr áramótum.

Páll Björnsson spurði út í kostnað og leigusamninga við Borgir?

Framkvæmdastjóri svaraði því til að háskólinn leigi aðstöðu á Borgum fyrir milligöngu Fasteigna ríkisins. Búið er að segja upp leigu á 7. hæð og rennur sá samningur út í lok árs 2011. Ekki er mikill vilji fyrir að lækka leiguna af hendi eigenda og eina í stöðunni að segja upp því sem háskólinn þarf ekki nauðsynlega á að halda. Hægt væri að segja upp samningum árið 2014 og þá færðust skyldurnar yfir á Fasteignir ríkisins.

Óskar Þór Vilhjálmsson spurði út í stöðuna á launaskerðingunni sem starfsmenn stéttarfélaganna innan háskólans tóku á sig til tveggja ára og hvort uppi væru áform um að endurskoða það samkomulag um áramótin?

Rektor staðfesti að samkomulag hafi verið gert við FHA og SFR en að ekki hafi náðst samkomulag við félag prófessora. Hugmynd er uppi á borðum um að prófessorar komi inn í þetta samkomulag fyrir árin 2011 og 2012 í stað árána 2010 og 2011 hjá hinum stéttarfélagunum og kemur það vonandi í ljós um áramót. Hvað varðar endurskoðun samkomulags þá sé það undir einstökum starfsmönnum komið.

Helgi Gestsson spurði út í hvort það kæmi sér framlag frá ríkinu vegna leigu við Borgir? Fjármálastjóri svaraði því til að ekkert sérstakt framlag vegna húsaleigu kom til en á árinu 2006 var rannsóknaframlag háskólans hækkað um 40 m.kr. meðal annars með vísan í rannsóknaraðstöðuna á Borgum.

Kristín Aðalsteinsdóttir prófessor vildi láta bóka að hún er óánægð með að félag prófessora við opinbera háskóla skuli ekki hafa gert sambærilegt samkomulag um að prófessorar HA taki á sig launaskerðingu eins og aðrir starfsmenn.

### **3. Oddur Vilhelmsson. Örverulífríki Glerár: Hentugt líkan til vöktunar á umhverfisáhrifum loftslags og mengunar á Norðurslóðum?**

Oddur Vilhelmsson dósent við viðskipta- og raunvísindadeild sagði frá meistaraverkefni Maríu Markúsdóttur sem fjallar um bakteríur í Glerá og vöktun á áhrifum mengunar frá sorphaugunum í ánni og vöktun á áhrifum loftslags.

### **4. Ingibjörg Auðunsdóttir. Fágæti og furðuverk**

Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar sagði frá verkefni sem hefur verið í gangi á vegum Miðstöðvarinnar og er hannað til að efla áhuga barna á lestri, en þó sérstaklega drengja. Niðurstöður úr PISA rannsókninni í lesskilningi sýna að staða íslenskra barna fer versnandi og staða drengja er ekki ásættanleg.

## **5. Kjartan Ólafsson. Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir**

Kjartan Ólafsson lektor við félagsvísindadeild fjallaði í erindi sínu um aðdraganda þess að íslenska bankakerfið hrundi, leitaðist við að svara í einföldu máli spurningunni hverjum væri um að kenna og varpaði fram sínum eigin tilgátum um hvar orsaka gæti verið að finna.

## **6. Önnur mál**

Kristín Aðalsteinsdóttir spurði út í stöðuna á notkun stúdenta á leikja og samskiptaforrita í kennslutímum hjá háskólanum og lagði áherslu á að taka þyrfti á málunum. Rektor svaraði því að mikið hafi verið rætt um þetta á háskólafundi þann 29. október sl. og hvort loka ætti á forrit eins og Facebook. Niðurstaðan var á þá leið og slík forræðishyggja gengi ekki upp í háskólastofnun og að það væri í höndum kennaranna að setja fyrirmæli um notkun tölva í tímum. Fylgst er með þróun mála en síst verður tekin ákvörðun um að loka fyrir síður líkt og Facebook.

Rektor sagði frá því að ársskýrsla Háskólans á Akureyri 2009 væri komin út á rafrænu formi og aðgengileg á heimasíðu háskólans. Nokkur eintök verða prentuð út en framvegis verður ársskýrslan gefin út á rafrænu formi. Ritstjóri ársskýrslunnar var Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri frummælendum framlag þeirra og fundarmönnum fundarsetuna . Fundi var slitið kl. 15:55.

Trausti Þorsteinsson fundarstjóri

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari